

Staðfesting konungs á skipulagsskrá um nemendasjóð Eiðaskóla, **68**
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum¹⁴. ágúst
 14. ágúst 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá **um nemendasjóð Eiðaskóla.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1921 með gjöfum frá Eiðamönnum og öðrum, og er ætlaður til styrktar nemendum þar. Hann er að upphæð 1629.86 kr.

2. gr.

Fjenu skal varið til að veita fátækum nemendum lán til skólavistarinnar, og skulu vextir af láninu vera 2% til loka þess árs, sem nemandinn fer úr skól-
 anum. Síðan skal fjeð endurgreitt á ekki lengri tíma en 4 árum með ársvöxtum,
 er sjeu einum af hundraði lægri en forvextir bankanna eru hvert ár. Engum
 má veita lán úr sjóðnum á fyrsta námsári.

3. gr.

Skólastjóri hefir á hendi reikningshald sjóðsins, en kennarar skólans og
 1 nemandi úr eldri deild eða elstu deild hans, kosinn af nemendum, ákveða
 hverjum lánað er, og hve mikið og með hverjum tryggingum.

4. gr.

Reikning sjóðsins skal prenta árlega í skólaskýrslunni.

5. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Eiðum, 3. júlí 1922.

Ásmundur Guðmundsson. Guðgeir Jóhannsson. Benedikt Blöndal.